

7. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um að búfjárheld girðing sé umhverfis þéttbýli í hreppnum og skipuleggja landsvæði fyrir búfjárhald.

8. gr.

Peir aðilar sem stunda sauðfjárbúskap innan þéttbýlis fyrir gildistöku reglugerðar þessarar skulu undanþegnir kvöðum samkvæmt ákvæðum hennar.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Súðavíkurrepps staðfestist hér með samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 44/1964, sbr. lög nr. 38/1980, um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júní 1990.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Pórhildur Líndal.

AUGLÝSING

um staðfestingu á legu nýrrar brúar yfir Markarfljót ásamt aðkomuvegum.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 20. september 1990 staðfest skipulagsupprátt er sýnir legu nýrrar brúar yfir Markarfljót ásamt aðkomuvegum.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Austur-Landeyjahrepps og hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps hafa samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar félagsmálaráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 20. september 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.